

Leiklist 8.bekkur 2023-2024

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Menntun í leiklist snýst um að þjálfar nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum.

Í leiklist er nemendum mætt þar sem þeir eru staddir og áhersla sett á nemendamiðaða og einstaklingsmiðaða nálgun.

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
Vika 1	Samhringingur, traust, grunnæfingar leiklistar lagðar.	
Vika 2	Innlögn á Spuna og æfingar út frá því	<ul style="list-style-type: none">Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi
Vika 3	Vinna með texta/lög	<ul style="list-style-type: none">Sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi
Vika 4	Einfaldir leikþættir með upphafi miðju og endi unnir í hópum	<ul style="list-style-type: none">Notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sínaSýna frumkvæði í verki og geta unnið úr hugmyndum annarra.
Vika 5	Undirbúningur fyrir lokasýningu í samstarfi við verkgreinarnar	
	Lokasýning.	
Vika 6		

Grunnþættir menntunar

Aðallega er unnið með sköpun þar sem nemendur fá tækifæri til að sýna styrkleika sína og sköpunarkraft með því að uppgötva, njóta, virkja ímyndunaraflíð og leika sér með möguleika.

Námsmat

Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt og byggir á metanlegum hæfniviðmiðum sem valin hafa verið, ásamt því sem horft er til virkni, samvinnu og sjálfstæðis. Leiklistarkennsla hverfist í eðli sínu um leiðsagnarmat og hlustun á getu og framför hvers nemanda fyrir sig.

Sjálfsmat

Leiðsagnarmat

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti	Virðing er leiðarljós í samskiptum
Mæting	Nemendur bera ábyrgð á eigin vinnubrögðum og ber skylda að mæta á réttum tíma og vera virkt í tímum.
Virgni í tímum	Taka verkefnum alvarlega með jákvæðu viðhorfi
Heimavinna	Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum.
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	Nemendur eru hvattir til að taka lærdóm vikunnar með sér inn í hversdagsleikann og sjá hvernig æfingar, aðferðir og viðfangsefni tímana endurspeglast í honum.
Skyldur nemenda	Að taka verkefnum alvarlega og taka virkan þátt. Virða samnemendur sína og skoðanir þeirra. Stuðla að öruggu og jákvæðu umhverfi. Sýna tillitsemi, trúðmennsku og leyfa ímyndaraflinu að stjórna förinni.
Skyldur kennara	Að taka námefninu alvarlega og taka virkan þátt í sköpun með nemendum. Virða nemendur og skoðanir þeirra. Stuðla að öruggu og jákvæðu umhverfi. Sýna tillitsemi, trúðmennsku og leyfa ímyndaraflinu að stjórna förinni.